

1863.

8. desbrm.

búa á einum áttunda parti jarðarinnar fyrir 20 álna landskuld, fái 5 álna lækkun hvor, en að þeir tveir ábúendurnir, sem eptir byggingarbréfum sínum aðeins eiga að greiða 15 álnir hvor í landskuld fyrir áttunda part jarðarinnar, skuli greiða þessa sömu landskuld.

Útaf þessu skal yður kunngjört, yður til leiðbeiningar og til þess þér auglýsið það hlutaðeigendum, að stjórnarráðið, samkvæmt tillögum yðar, herra stiptamtmaður, og eptir þeim skýrslum, sem það hefir fengið um, hvernig ástatt er, fellst á, að jarðarafgjaldið sé lækkað á þann hátt, sem hlutaðeigandi umboðsmaður mælti fram með, um fimm ár, er talin sæu frá farðögum yfirstandandi árs.

8. desbrm.

94. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til biskupsins yfir Íslandi, um skuld kirkjunnar í Einholti til sóknarprestsins.

Útaf bænarskrá, er Guðný Jónsdóttir, ekkja eptir sira Ólaf Magnússon, fyrrum prest til Einholts í Austurskaptafells sýslu, hafði sent yður, og sem hinn núverandi prestur í brauðinu hafði mælt fram með, hafið þér, háæruverðugi herra, í bréfi 23. septembermán. þ. á. stungið upp á, að hún af fæ Einholts kirkju fái borgaða þá 150 rdl., sem maður hennar átti hjá kirkjunni, af því, er hann hafði kostað uppá að láta byggja hana upp af nýju, á þann hátt, að hlutaðeigandi prestur verði skyldaður til að borga í 5 ár í röð 30 rdl. á ári af skuld þessari.

Um þetta efni er yður hérmeð kunngjört, yður til leiðbeiningar, og til þess þér birtið það hlutaðeigendum, að stjórnarráðið samþykkir uppástungu yðar, ef stiptamtmaðurinn fellst á hana.

8. desbrm.

95. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til biskupsins yfir Íslandi, um skuld kirkjunnar á Desjarmýri til sóknarprestsins.

Með bréfi 24. dag septembermán. þ. á. hafið þér, háæruverðugi herra, sent stjórnarráðinu bænarskrá frá Sigurði Gunn-